


Deiliskipulag fyrir smávirkjun austan þjónustusvæðis í Drekagili, Skútustaðahrepp



GREINARGERÐ

15.mars 2018

Óskar Örn Gunnarsson

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr.

123/2010 var samþykkt í _____ þann _____ 2018 og

í _____ þann _____ 2018.

Tillagan var auglýst frá _____ 2018 með athugasemdafresti til _____ 2018.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 2018.

EFNISYFIRLIT

1	Inngangur	3
1.1	Lýsing á staðháttum, umhverfisaðstæðum og framkvæmd	3
1.2	Lóð og byggingarskilmálar	4
1.3	Markmið	4
1.4	Matsskylda.....	4
1.5	Tengsl við aðrar áætlanir.....	4
2	Umhverfisskýrsla	5
2.1	Valkostir.....	5
2.2	Náttúruminjar og jarðmyndanir:	5
2.3	Landslag og ásýnd:.....	6
2.4	Vatnafar:.....	6
2.5	Gróður og dýralíf:	6
2.6	Heilsa og öryggi:	6
2.7	Útivist og tómstundir:.....	6
2.8	Niðurstöður umhverfismats	6
3	Kynning og samráð	7

1 INNGANGUR

Neyðarlínan ohf. fyrirhugar að byggja litla heimarafstöð austan við ferðaþjónustusvæði í Drekgili í Skútustaðahreppi. Neyðarlínan rekur fjarskiptastöð á Vaðöldu til hagsbóta og öryggis fyrir vegfarendur og aðra ferðalanga á hálendinu norðan Vatnajökuls, allt frá Grímsfjalli, í Öskju, Herðubreið, Kverkfjöll og Kistufell. Í stöðinni eru farsíma- og tetrasendar, vefmyndavélar og fleira. Hún gengur nú fyrir sígengisolúrafstöð sem staðsett er í fjarskiptastöðinni á Vaðöldu. Neyðarlínan hefur leitað leiða til að auka rekstraröryggi stöðvarinnar, til að draga úr hljóð- og loftmengun, rekstrarkostnaði og einnig til að draga úr líkum á óhöppum við flutning á olíu, en stöðin brennir nú um 10.000 lítrum af olíu á ári. Til að aflvæða fjarskiptabúnaðinn og sjá þjónustusvæði fyrir rafmagni til upphitunar skála er fyrirhugað að byggja litla heimarafstöð í Drekgili. Deiliskipulagið er háð umhverfismati áætlaða. Á meðfylgjandi uppdrætti er sýnt nýtt deiliskipulag smávirkjunar og einnig framtíðar skipulagsmörk sem ná yfir nýtt deiliskipulag smávirkjunar og deiliskipulag hálendismiðstöðvar í Drekgili frá árinu 2001, með síðari breytingum. Það mun falla úr gildi og verða innlimað í heildarskipulag sem mun ná yfir deiliskipulag smávirkjunar og hálendismiðstöðvar.

1.1 Lýsing á staðháttum, umhverfisaðstæðum og framkvæmd

Skipulagssvæðið er staðsett rétt austan ferðaþjónustusvæðis við Drekgil. Svæðið er í um 770 m hæð yfir sjávarmáli við austurrætur Dyngjufjalla. Rafstöðin verður staðsett í læk sem rennur úr Drekgili og rennur í grunnum farvegi um 300 m til austurs frá skálunum í Drekgili áður en hann fellur í litlum fossi niður í gil. Síðan lækkar farvegurinn í gilinu þar til komið er aðra 300 m til austurs. Þar eru eyrar sem eru um 30 m lægra en efri brún á fossinum. Umhverfið einkennist af gjalli og hraunum sem eru þakin vikurbreiðu, misþykkri. Þar sem lækurinn rennur og sem rafstöðin verður staðsett er að finna forsögulegt hraun, svokallað Dyngjufjallahraun eða Suðurhlíðahraun sem rann fyrir meira en 6100 árum síðan. Gróður er talsverður miðað við hæð, aðallega bundinn við lægðir og árbakkana en þar eru mest áberandi mosar, lambgras, eyrarrós og víðir.

Sumarrensli dugar fyrir um 30kW orkuframleiðslu sem dugar fyrir alla starfsemi á svæðinu á sumrin. Vetrarrensli dugar fyrir um 10kW orkuframleiðslu sem er nægjanleg fyrir fjarskiptastaðinn, sem notar um 5kW og til að halda varma á skálunum. Á uppdrætti má sjá hvar heimarafstöðin, stífla, pípa og stöðvarhús verða staðsett. Stíflan sjálf verður forsteypt eining og ekki er gert ráð fyrir inntakslóni. Aðeins verður lítið inntak nægjanlegt til að sökkva inntaki fallpípu á um 1-1,5m dýpi, og þar verður forsteyptri einingu komið fyrir til að festa botnrás og fallpípu. Ekki liggur fyrir endanleg hönnun á stíflunni, en gert ráð fyrir að hún verði 1,5 m löng og 1 m há. Stöðvarhús verður staðsett um 600 m suðaustan við skálana og í um 10 km fjarlægð frá fjarskiptastöðinni og verður það 8 m² að hámarki. Fallpípa frá inntaki er um 300 m löng og 0,5 m í þvermál og verður niðurgráfin alla leið. Frágangur á inntaki verður miðaður að því að börnum stafi ekki hætta af. Uppsetning stöðvarinnar mun ekki hafa áhrif á farveg árinna. Orkunýting skal hverju sinni taka mið af því að áfram verði rennsli í ánni og fossinum. Notendur rafmagns eru Neyðarlínan vegna fjarskiptastöðvar á Vaðöldu, Vatnajökulsþjóðgarður og Ferðafélag Akureyrar vegna skála við Dreka, auk fleiri rekstraraðilar ef orkan dugir til. Jarðstrengir verða lagðir frá stöðvarhúsi, annars vegar meðfram fallpípu að inntaki og þaðan að skálum við Drekgil og hins vegar að fjarskiptahúsi á toppi Vaðöldu. Neyðarlínan gerir samning við forsætisráðuneyti um nýtingu vatnsréttinda og verður eigandi virkjunarinnar og mun selja fjarskiptafyrirtækjum og skálaeigendum orku. Leiðin frá rafstöðinni upp hlíðar Vaðöldu verður valin þannig að plógfarið afmáist með öllu eða verði sem minnst sýnilegt. Gerist það að

heimarafstöðin bili tekur vararafstöð við, sem verður í núverandi fjarskiptahúsi uppi á Vaðöldu. Gert er ráð fyrir að núverandi dísilrafstöð verði breytt í vararafstöð og að þar verði nægt eldsneyti fyrir margra mánaða keyrslu. Afmörkun deiliskipulagssvæðis og staðsetning rafstöðvar má sjá á skýringarupprætti.

1.2 Lóð og byggingarskilmálar

Lóð fyrir stöðvarhús er 5x5 m og er staðsetning samkvæmt hnitaskrá. Byggingarreit er 2,5 x 2,5 m. Hús skal standa innan byggingarreits. Hámarksstærð byggingar er 8 m² og hámarkshæð 2,5 m frá gólfi. Húsið er timburhús á forsteyptum sökkli. Litla- og efnisval á húsi og þaki verður þannig að það falli sem best að umhverfinu og hljóðeinangrun stöðvarhúss verði þannig háttáð að sem minnst hljóð berist frá því. Ekki er skilgreind lóð fyrir stíflu og inntaksmannvirki. Gróður er mjög takmarkaður á framkvæmdasvæði jarðstrengs, en nokkur miðað við hæð og umhverfi á byggingarreit rafstöðvar. Rask á grónum svæðum verður lágmarkað eins og kostur er og allur frágangur vandaður í hvívetna. Fræðsla um orkunýtinguna verður unnin í samráði við Vatnajökulspjóðgarð, t.d. með fræðsluskiltum við stöðvarhús og inntakspípu.

1.3 Markmið

Markmið deiliskipulagsins og fyrirhugaðrar framkvæmdar er að draga úr brennslu jarðefnaeldsneytis og minnka þannig loft- og hljóðmengun sem fylgir rekstri dísilrafstöðva. Jafnframt er markmiðið að minnka líkur á mengun vegna umhverfisslyss sem getur orðið við flutning eldsneytis á staðinn um torfæra fjallvegi.

Ennfremur á að draga úr slyshættu sem fylgir notkun gass í skálum til fjalla en þau hafa orðið of mörg. Þá endast skálabyggingar betur ef haldið er á þeim hita yfir vetrarmánuðina. Að síðustu er til lengri tíma litið vonast eftir fjárhagslegum ávinningi þar sem rekstur vatnsaflsvirkjunar er ódýrari er rekstur rafstöðva. Einnig sparast gjaldeyris sem annars fer til kaupa á eldsneyti erlendis frá.

1.4 Matsskylda

Deiliskipulagstillagan fellur undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana, þar sem framkvæmdin sem skipulagsáætlunin veitir heimild fyrir er tilkynningarskyld til sveitarstjórnar til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, sbr. flokk c, lið 3.23, í 1. viðauka við lögin.

1.5 Tengsl við aðrar áætlanir

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er skilgreint sem óbyggt svæði í Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023. Í gr. 4.10 lðnaðarsvæði (I) kemur fram að bygging nýrra vatnsaflsvirkjana allt að 200 kW krefst ekki breytinga á aðalskipulagi. Áform og ákvörðun um byggingu heimarafstöðvar við Drekgil kallar því ekki á breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps. Samkvæmt Landsskipulagsstefnu 2015-2026 er gert ráð fyrir að sveitarfélög á miðhálandinu útfæri landsskipulagsstefnu um verndun víðerna- og náttúrugæða í skipulagsáætlunum sínum.

Heimarafstöðin verður innan Vatnajökulspjóðgarðs, sem er friðlýst svæði samkvæmt lögum um Vatnajökulspjóðgarð nr. 60/2007 með síðari breytingum og reglugerð um Vatnajökulspjóðgarð nr. 608/2008 með síðari breytingum. Þar gilda jafnframt lög um náttúruvernd nr. 60/2013.

Haft verður samráð við Vatnajökulsþjóðgarð og hefur svæðisráð norðursvæðis þegar lagt til að gert verði ráð fyrir framkvæmdinni í Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs, með þeim fyrirvörum að framkvæmdin uppfylli allar kröfur sem til hennar eru gerðar.

Svæðið er þjóðlenda innan verndarsvæðis og óbyggt land sem tilheyrir Skútustaðahreppi. Fornleifaskráning liggur ekki fyrir. Þess fyrir utan er vísað í 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar sem hljóðar svo: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

2 UMHVERFISSKÝRSLA

Deiliskipulagstillagan fellur undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana, þar sem framkvæmdin sem skipulagsáætlunin veitir heimild fyrir er tilkynningarskyld til sveitarstjórnar til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, sbr. Flokk c, lið 3.23, í 1. viðauka við lögina. Umfjöllun um umhverfisáhrif styðst við greinargerð frá júní 2015 sem Mannvit gerði fyrir Neyðarlínuna ohf. og fylgdi tilkynningu til Skútustaðahrepps um fyrirhugaða 8-10 kw heimarafstöð við Vaðöldu til ákvörðunar um matsskyldu framkvæmdarinnar.

2.1 Valkostir

Við undirbúning deiliskipulagsins voru þrjú aðrir kostir en að setja smávirkjun í ána sem rennur úr Drekgili, sem taldir eru raunhæfir og umhverfisvænir. Sá fyrsti var heimarafstöð í Svartá. Annar er lagning 90 km rafstrengs, sem ekki er er talinn raunhæfur vegna hás kostnaðar. Hinn kosturinn felst í vindrafstöðvum ásamt sólarcellum. Sá kostur þykir ekki ásættanlegur vegna veðurfars og ísingar á vaðöldu að vetrarlagi, auk þess sem vindmyllur yrðu stórar og flatarmál sólarcella yrði umtalsvert. Þess utan eru þær dýrar og óhagkvæmar, duga skammt og leiða til lítils olíusparnaðar. Niðurstaðan er að enginn annar og betri valkostur er fyrir hendi. Þessi deiliskipulagstillaga fjallar því um heimarafstöð í ána sem rennur úr Drekgili, sem er sá kostur sem var valinn og er hann talinn bæði raunhæfur og umhverfisvænn.

2.2 Náttúruminjar og jarðmyndanir:

Á framkvæmdatíma mun aðgerðin krefjast aksturs vinnuvéla og breyttra jeppa vegna flutninga á efni og búnaði að heimarafstöðinni. Jarðstreng verður valin nákvæmlega í landinu þannig að jarðmyndunum verði hróflað sem minnst. Niðurplæging á jarðstreng frá rafstöðinni að fjarskiptahúsinu og í skála í Dreka mun skilja eftir einhver ummerki sem þó verða ekki varanleg. Við frágang eftir plægingu fallpípu verður vikri þjappaður aftur, til að hindra fok. Fyrirhuguð heimarafstöð verður reist á hraunlendi, þar sem eyðihraunavistgerð er ríkjandi. Þar eru lítt gróin, gropin hraun frá nútíma (vistgerðakort NÍ), eldhraun og fossar njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga um náttúrvernd nr. 60/2013. Rafmagnsframleiðsla mun verða þannig háttáð að áfram verði rennsli í ánni og fossinum og allt rask á hrauni verður í lágmarki við stöðvarhúsið, stíflu og fallpípu. Áhrif á náttúruástandi og jarðmyndanir eru því talin verða óveruleg og afturkræf með öllu

2.3 Landslag og ásýnd:

Ný mannvirki munu breyta ásýnd svæðisins sem nú er lítt eða ósnortið. Fyrirhugað stöðvarhús kann að sjást frá f910 austurleið, sem er sá fjallvegur sem er næst fyrirhuguðum virkjunarstað, og einning frá vegslóða sem liggur niður með Svartá eða frá fossinum Skínandi og Holuhrauni, þar sem fólk á helst leið um. Forsteypt stífla í farvegi árinna og niðurgrafnar pípur munu falla vel að landslagi, þannig að ummerki verði lítið áberandi. Litaval á húsi og þaki verður þannig að það falli sem best að umhverfinu. Við frágang við stíflu og pípu verður miðað við að hylja og laga mannvirki að umhverfinu svo þau sjáist sem minnst. Ummerki eftir rafstrengsplægingu verða lágmörkuð eins og kostur er og hverfa að mestu með tímanum. Deiliskipulagið mun því hafa lítil áhrif á landslag og ásýnd.

2.4 Vatnafar:

Fyrirhuguð heimarafstöð er umfangslítill framkvæmd. Um rennslisvirkjun er að ræða og mun uppsetning hennar ekki breyta farvegi né nýta allt vatnsrennsli árinna, þannig að áin og fossinn fái áfram notið sín. Áhrif á vatnafar verða því óveruleg.

2.5 Gróður og dýralíf:

Náttúrufar einkennist af gjalli og vikurböktum hraunum en sá gróður sem er á svæðinu, er bundinn við árbakka og lægðir. Fuglalíf er nánast ókannað en talið sennilegt að það sé strjált og fábreytt. Framkvæmdatími verður utan varptíma og öllu jarðraski verður haldið í lágmarki eins og kostur er. Gróður sem finnst helst við árbakka verður varðveittur þar sem minniháttar jarðrask er óhjákvæmilegt og hann nýttur við frágang á svæðinu að loknum framkvæmdum. Mögulega verða neikvæð áhrif á dýralíf í læknum á meðan á framkvæmdum stendur en áhrif eftir að stöðin er komin í gang óveruleg þar sem tryggt verður alltaf verði eitthvað rennsli í læknum. Því er talið að deiliskipulagið hafi óveruleg áhrif á lífríki.

2.6 Heilsa og öryggi:

Á framkvæmdatíma verða tímabundin neikvæð áhrif vegna ónæðis og rasks við flutninga á vélum, tækjum, byggingarefni og búnaði. Þjónusta við rafstöðina verður afar lítil á rekstartíma. Bygging heimarafstöðvar leiðir til þess að halda megi áfram rekstri fjarskiptastöðvar á Vaðöldu og rekstraröryggi hennar, og öryggi vegfarenda sem hana nota, þannig stóraukið. Það mun draga úr olíuflutningum á fjarskiptastaðinn, og þar með líkum á óhöppum við flutninga, auk þess að minnka hljóð- og loftmengun af völdum stöðvarinnar. Framkvæmdin mun einnig leiða til þess að notkun gass til upphitunar skála í dreka verður að mestu óþörf, og þannig verður komist hjá slysum af þess völdum. Hugsanleg neikvæð áhrif vegna loftmengunar ef grípa þarf til varaafis til lengri tíma. Áhrif á samfélag eru talin óveruleg.

2.7 Útivist og tómstundir:

Áhrif mannvirkja eru almennt neikvæð á óröskuðu svæði. Í Drekgili, rétt við umræddan foss, er þegar skilgreint þjónustusvæði og innviðir. Sjónræn áhrif inntakslóns, fallpípu og stöðvarhúss verða lágmörkuð eins og kostur er með vandaðri hönnun í samráði við hagsmunaaðila. Fræðsla um orkunýtinguna verður unnin í samráði við Vatnajökulspjöldgarð með það fyrir augum að vega upp á móti áhrifum mannvirkja á útivist og tómstundir.

2.8 Niðurstöður umhverfismats

Um litla framkvæmd er að ræða sem mun ekki hafa veruleg áhrif á náttúrufar svæðisins, en hins vegar hafa mikinn ávinning fyrir öryggi ferðamanna, rekstur svæðisins og loftslag.

3 KYNNING OG SAMRÁÐ

Skipulags- og matslýsing var kynnt í samræmi við 5.2.4. gr. Skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Lýsingin var gerð aðgengileg almenningi á vefsíðunni www.skutustadahreppur.is og auglýst í héraðsfréttablaði. Samhliða þessu var lýsingin send til umsagnar Skipulagsstofnunar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands Eystra, Minjastofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar, Vegagerðarinnar, Vatnajökulspjóðgarðs, Náttúruverndarnefndar Þingeyinga, Ferðafélags Akureyrar, Mývatn Tours og Forsætisráðuneytisins. Drög að deiliskipulagstillögu ásamt umhverfismati verða kynnt á heimasíðu sveitarfélagsins í samræmi við 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga, áður en tillagan verður tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn. Að lokinni kynningu á vinnslustigi verður deiliskipulagstillagan ásamt umhverfisskýrslu tekin fyrir og afgreidd í sveitarstjórn. Að lokinni samþykkt í sveitarstjórn er tillagan auglýst í dagblaði sem er gefið út á landsvísu sem og í héraðsfréttablaði. Skipulagstillagan mun liggja frammi á skrifstofu Skútustaðahrepps og hugsanlega öðrum áberandi stöðum. Tillögurnar verða jafnframt aðgengilegar á vefsíðunni www.skutustadahreppur.is. Þegar frestur til athugasemda er liðinn mun sveitarstjórn fjalla aftur um tillöguna. Þar verður tekin afstaða til þeirra athugasemda sem kunna að hafa borist og tillögunni breytt ef ástæða er talin til, auk þess sem sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagstillöguna. Í kjölfarið verður samþykkt deiliskipulag ásamt samantekt á málsmeðferð, athugasemdum og umsögnum sent til skipulagsstofnunar til yfirferðar. Samþykkt deiliskipulag verður að lokum auglýst í b-deild Stjórnartíðinda í samræmi við skipulagslög og tekur það þar með gildi.